

Heilbrigðisráðuneytið  
Síðumúla 24.  
108 Reykjavík  
Mál nr. 529/2023

Reykjavík, 27. febrúar 2023

### Umsögn sóttvarnaráðs um frumvarp til sóttvarnalaga:

Sóttvarnaráð fjallaði um nýtt frumvarp til sóttvarnalaga, mál nr. 529, þingskjal 671, á fundi sínum 16. febrúar 2023.

Sóttvarnaráð vill benda á að Evrópusambandið samþykkti í desember síðastliðnum ýmsar reglugerðir er varða sóttvarnir, meðal annars nr. EU 2022/2371, 2022/2370 og fleiri, sem fjalla um neyðar- og viðbragðsstjórnun Evrópusambandsins (HERA), um lýðheilsu, eftirlitshlutverk, hlutverk rannsóknarstofa og ýmis atriði er varða vöktun, viðbrögð og margt fleira sem varðar lönd Evrópska efnahagssvæðisins. Það væri því rétt að skoða þetta frumvarp í ljósi þeirra reglugerða svo ekki þurfi að endurskoða löginn strax aftur.

[https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/ip\\_22\\_7871](https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/ip_22_7871)

Sóttvarnaráð hefur áður fjallað um fyrra frumvarp (frá 2022) til endurskoðunar sóttvarnalaga og hafði sent inn umsögn 15. febrúar 2022. Sóttvarnaráð fjallaði nú um nýtt frumvarp til sóttvarnalaga, mál nr. 529, þingskjal 671, á fundi sínum 16. febrúar 2023. Í nýju frumvarpi hefur skipan farsóttanefndar verið breytt talsvert. Sé tekið mið af hlutverki farsóttanefndar (sbr. 9. gr. frumvarpsins), þá teljum við breytinguna vera til mikilla bóta og gerum ekki athugasemdir við nefndarskipunina sem slíka. Ráðið vill þó benda á að ekki er gefið að í farsóttanefndinni sé sérfræðlæknir í smitsjúkdómum eða sýkla og veirufræði. Í ljósi þess sem segir 3. grein um hlutverk nefndarinnar til að fjalla um og meta samfélagslega hættulega sjúkdóma gæti verið mikilvægt að hafa slíkan sérfræðilækni í nefndinni.

Í umsögn sóttvarnaráðs frá 15. febrúar 2022 hafði ráðið ekki ákveðna skoðun á því hvort væri betra að viðhalda starfsemi sóttvarnaráðs eða leggja það niður, og sóttvarnalæknir nýti heimild til að kalla sérfræðinga til ráðgjafar. Sú skoðun hefur ekki breyst, en huga þarf að því hvort heppilegra sé að styðjast við að kalla til óskilgreinda sérfræðinga til ráðgjafar, eða styðjast við ráðgjöf formlega skipaðs sóttvarnaráðs. Þá má einnig benda á að skv ráðleggingum WHO er æskilegt að svokallaðar bólusetningaráðgjafanefndir séu starfandi í hverju landi ([https://www.who.int/europe/groups/national-immunization-technical-advisory-groups-\(nitags\)](https://www.who.int/europe/groups/national-immunization-technical-advisory-groups-(nitags))) og hefur sóttvarnaráð gegnt því hlutverki hérlendis. Ef það er lagt niður, þarf að skipa formlega í bólusetningaráðgjafanefnd (NITAG).

Við lestur frumvarpsins og eldri laga tókum við eftir því að í 13. grein kemur fram ósamræmi í því sem ætlast er til af heilbrigðisstarfsmönnum varðandi tilkynningaskylda sjúkdóma og því sem er viðtekin venja, þ.e. „Heilbrigðisstarfsmaður skal þegar í stað tilkynna það sóttvarnalækni ef hann kemst að því í starfi sínu að einstaklingur hefur smitast af smitsjúkdómi sem samkvæmt lögum þessum er tilkynningarskyldur eða hefur grun um að svo sé.“ Margir af þeim sjúkdómum sem eru tilkynningarskyldir eru þess eðlis að ekki þarf að tilkynna þegar í stað og hefur það ekki tíðkast, heldur við fyrsta tækifæri.

Í 15. grein sem fjallar um rannsóknarstofur, er lítið talað um hið mikilvæga hlutverk einnar rannsóknarstofu að vera svokölluð „public health“ rannsóknarstofa. Hún hefur þá það hlutverk að sinna klínískum rannsóknum, vera tilvísunarrannsóknarstofa fyrir aðrar rannsóknarstofur og einnig getað sinnt rannsóknum sem eru umfram venjulegar klínískar rannsóknir. Dæmi um þetta eru til dæmis stofnagreiningar/raðgreiningar á bakteríum og

veirum ma. til að sýna fram á tengsl stofna við rannsóknir á hópsýkingum eða faröldrum. EU/ECDC vinna að því að efla og samræma hlutverk tilvísunarrannsóknastofa í aðildarlöndunum og því er æskilegt að styðjast við nýjar reglur Evrópusambandsins í því tilliti.

Fh Sóttvarnaráðs,  
Ólafur Guðlaugsson formaður